

Mánudaginn 3. júlí 1967.

Nr. 4/1966.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Sambands  
matreiðslu og framreiðslumanna vegna  
Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns  
Halldórs Guðmundssonar**

(Gunnar Sæmundsson hdl.)

gegn

**Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h.  
Hótel Sögu (Jón Magnússon hdl.).**

**Dómarar:**

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,  
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Skaðabætur vegna ólögætrar uppsagnar.

**Dómur.**

Mál þetta er upphaflega höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 20. sept. f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar gegn Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda voru þessar:

1. að uppsögn Hótel Sögu, dags. 25. maí þ. á., er Friðbirni Halldóri Guðmundssyni framreiðslumanni var sagt upp starfi frá 1. júlí 1966 að telja, yrði dæmd ólögmet.
2. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða sekt í ríkissjóð fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
3. að Hótel Sögu yrði dæmt að greiða Friðbirni Halldóri Guðmundssyni kr. 100.000.00 í skaðabætur.
4. að stefnda yrði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krafðist sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Til vara krafðist hann sýknu af sektarkröfu stefnanda og skaðabótakröfu hans, enda yrði þá málskostnaður látinn falla niður.

Í samráði við dóminn var sakarefni skipt samkvæmt

heimild í 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að frestað var málflutningi um skaðabótakröfu stefnanda.

Dómur um tvo fyrstu kröfuliði stefnanda gekk hinn 20. des. f. á., með þeim úrslitum, að uppsögn Hótel Sögu, 25. maí f. á., á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar, var dæmd ólögmat, en sýknað var af refsikröfu stefnanda. Ákvörðun um málskostnað var frestað þar til dæmt yrði um skaðabótakröfu stefnanda.

Í greinargerð sinni hafði stefndi krafizt þess, að skaðabótakröfu stefnanda yrði vísað frá dómi, og kom sú krafa til álita, þegar dómurinn tók að fjalla um bótakröfur stefnanda. En með úrskurði dómsins 17. maí s.l. var frávisunarkröfu stefnanda hrundið, og var sá úrskurður eigi kærður til Hæstaréttar.

Málflutningur um skaðabótakröfuna fór því næst fram 28. f. m., og var málið dómtekið sama dag.

Stefnandi byggir bótaskyldu stefnda á þeim rökum, að þar sem uppsögn Hótel Sögu á starfi Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar hafi verið dæmd ólögmat, sé stefndi bótaskyldur gagnvart stefnanda fyrir það tjón, sem Friðbjörn Halldór hafi beðið vegna hennar, en fyrir því gerir stefnandi þessa grein.

Hann skýrir svo frá, að á tímabilinu frá 1. júlí f. á., er Friðbjörn Halldór lét af störfum á Hótel Sögu, og til 9. október s. á., er hann réðst til starfs sem framreiðslumaður í Veitingahúsinu Lido, hafi honum ekki boðizt viðunandi starf í starfsgrein sinni og hafi tekjur hans á nefndu tímabili eigi numið nema kr. 20.897.50. Meðal mánaðartekjur hans árið 1965 hafi hins vegar verið um 32 þúsund krónur, og meðalmánaðarlaun fyrstu 6 mánuði ársins 1966 um kr. 37.500.00. Megi við það miða, að meðalmánaðartekjur Friðbjörns hefðu orðið þær sömu tímabilið 1. júlí til 31. des. 1966, ef hann hefði haldið starfi sínu á Hótel Sögu. Hér við bætist svo, að hann hafi á tímabilinu 1. júlí til 9. október misst af fatahlunnindum, kr. 300.00 á mánuði, er hann telur rétt að telja sér til tekna, og enn fremur 1% gjaldi af kr. 15.000.00 á mánuði, er Hótel Saga hafi greitt í sjúkrasjóð Félags framreiðslumanna hans vegna, meðan hann starfaði

þar. Laun Friðbjörns Halldórs í Lido á tímabilinu frá 9. okt. til 31. des. 1966 kveður stefnandi að hafi alls numið kr. 59.141.50. Telur stefnandi þannig, að tjón Friðbjörns vegna uppsagnarinnar hafi, miðað við tímabilið 1. júlí til 31. des. 1966, orðið samtals kr. 110.913.50, ef tekjur hans árið 1965 séu lagðar til grundvallar, en kr. 146.815.00, ef miðað sé við tekjur hans tímabilið 1. janúar til 1. júlí 1966. Þó megi í sambandi við þessa útreikninga hafa nokkra hliðsjón af því, að þegar mikið sé að gera, hafi framreiðslumenn sér til aðstoðar stúlkur, sem þeir greiði kaup af launatekjum sínum, og verði því nettótekjur Friðbjörns Halldórs af þeim sökum nokkru lægri en framangreindar tölur sýni. Hefur stefnandi takmarkað kröfu sína um bætur vegna tekjumissis við kr. 85.000.00. En auk þess krefst hann 15.000 króna Friðbirni Halldóri til handa vegna miska og annars óhagræðis, sem hann hafi orðið fyrir vegna hinnar ólög-mætu uppsagnar. Er fjárhæð bótakröfu hans, kr. 100.000.00, þannig fengin.

Að því er skaðabótakröfuna varðar, eru dómkröfur stefnda þær aðallega, að hann verði algerlega sýknaður og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda, en til vara krefst hann þess, að stefnanda verði aðeins dæmdar mjög lágar bætur og málskostnaður þá látinn falla niður. Bendir stefndi í þessu sambandi á það, að hann hafi í fyrri hluta máls þessa verið sýknaður af kærú um brot á 1. mgr. 11. gr. laga nr. 80/1938 og uppsögnin aðeins verið talin andstæð ákvæðum 2. mgr. sömu greinar, en á þessu tvennu verði að gera mikinn greinarmun, þegar bótaskylda stefnda vegna umræddrar uppsagnar sé metin.

Þá mótmælir hann því, að tjón Friðbjörns Halldórs hafi í reynd orðið eins mikið og fram sé haldið af stefnanda og telur, að Friðbirni hefði verið auðvelt að fá fyrr vinnu í starfsgrein sinni, ef hann hefði haft hug á því, en það hafi hann ekki gert. Hefur stefndi lagt fram vottorð frá þeim veitingastöðum hér í borg, sem vínveitingaleyfi hafa, þess efnis, að Friðbjörn Halldór hafi ekki leitað eftir vinnu hjá þeim mánuðina júlí til september f. á., og hefur eitt þeirra jafnframt vottað, að vantað hafi framreiðslumenn þar á

nefndu tímabili. Hafi Friðbjörn því ekki, að álitu stefnda, þurft að verða fyrir neinu tjóni vegna uppsagnar Hótel Sögu. Þá heldur stefndi því og fram, að stefnandi ofreikni tekjur sínar á nefndum veitingastað, því hann muni hafa greitt aðstoðarstúlkum sínum hærri fjárhæðir en hann telji sér til gjalda. Einnig mótmælir stefndi því, að Friðbjörn hafi nokkurs í misst í fatahlunnindum eða fríu fæði. Stefndi bendir einnig á það, að Friðbjörn hafi átt ótekið orlof, er hann hætti störfum á Hótel Sögu 1. júlí f. á., en það hafi honum verið skylt að taka og hafi hann við brottför sína fengið greitt það orlofsfé, sem hann hafði unnið til. Beri að taka tillit til þessa, þegar bætur honum til handa séu ákveðnar.

Samkvæmt áðurgreindum dómi í fyrri hluta máls þessa var uppsögn Hótel Sögu á starfi Friðbjarnar Halldórs Guðmundssonar ólögmat. Verður að telja sannað, að hún hafi valdið nokkurri röskun á högum hans og á Friðbjörn Halldór rétt til bóta úr hendi stefnda. Þykja þær með tilliti til allra málavaxta, eins og þeim er lýst í fyrri hluta máls þessa, auk þeirra, sem hér hafa verið raktir, hæfilega ákveðnar alls kr. 25.000.00.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

#### Dómsorð:

Stefndi, Samband veitinga- og gistihúsaeigenda f. h. Hótel Sögu, greiði stefnanda, Alþýðusambandi Íslands vegna Sambands matreiðslu- og framreiðslumanna vegna Félags framreiðslumanna f. h. Friðbjörns Halldórs Guðmundssonar, kr. 25.000.00 og kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---